

BRJEF

Menning og vanmenning

Það var ekki laust við að hrofur færi um mig, þegar jaglas brjef Sigurjóns Pjeturssonar í Morgunblaðinu í dag. Svo á skemtilega furðulegt virtist mér það, að maður eins og Sigurjón, sem er það svo mikið áhugamaður að rjett og skynsamlega sje fari með hinn lifandi líkama, skuli vera í tölu þeirra, sem standa vilja á móti þeirri meðferð þess dauða líkama, sem svo milt skynsamlegri er en greftrunin. Því að það getur ekki verið nokkurt vafamál, að það er bálstofan sem í þeim efnum þýðir hið hærra menningarstig, og að þeir menn eiga þökk og heiður skilið, ekki atyrði, sem vinna að því að unt verði að losna við svívirðingu rotnunarinnar.

Gagnvart því, sem kappinn segir um óbeit framliðinna á því sem nefnt hefir verið líkbrensla má nefna það, að engu síður hafborist handan að skýlaus mótmælgagn greftrun líka, og átakanlegar lýsingar á því, hversu herfilegt það sje fyrir framliðinn, sem nú hefir fengið nýjan líkama, að þurfa að fylgjast með rotnun þess líkama, sem ónýtur var orðinu og lífið hafði neyðst til að yfirgefa.

Og jafnvel þó að því, sem haldið er vera handanað, væri í þessum máli enginn gaumur gefinn — er það mundi jeg álíta mjög rangt — þá er það víst, að meðferð sú á líkum, sem nú tíðkast hjer hjú oss, verður ekki með skynsamlegu varin, og að öll ástæða er til þess að óska vidleitni bálfarafjellagsins til að koma oss í þessu efni á hið hærra menningarstig, allu þess stuðnings, sem nauðsynlegur er málinu til framgangs.

14. júní.

Helgi Pjeturss.

Mbl. 22. júní 1941